

16

13. júní

L Ö G

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, og lögum nr. 132 31. des. 1935, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933 og lög nr. 132 31. des. 1935, skulu gilda til ársloka 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

17

13. júní

L Ö G

um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Péttri Sigurðssyni stýrimannsskírteini á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Péttri Sigurðssyni sjóliðsforingjaefni undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkv. lögum nr. 100 23. júní 1936 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenskum verzlunar- og varð-

skipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskirteini á samskonar skipum eftir að hann hefir fullnægt ákvæðum laga nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar. Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda íslenskum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Pan American Airways Company, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á, eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum, pósti eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi:

1. Að gera landingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá. Þó skulu landingarstaðir þessir vera frjálssir til afnota fyrir innlend flugfélög og flugvélar ríkisins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður hámark á, ef eigi semst um hana.
2. Að öðlast notkunarrétt eða, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, eignarrétt yfir landi undir landingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöðvar fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé fjöldi, gerð, afl og bylgjulengd stöðvanna samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöðvum þessum má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda skeyti (þar